

Vinahópar

Nokkrir punktar frá erindi Birnu Sigþórsdóttur, Lækjarskóla, Hafnarfirði.

“Vinahópar stuðla að betri samskiptum innan bekkja og eykur félagsfærni nemenda. Í hverjum hóp eru 4-5 nemendur. Undir stjórn foreldra hittist hópurinn nokkrum sinnum og gerir eitthvað saman. Að kynnst bekkjarfélögum sínum á öðrum vettvangi en bara í skóla er skemmtilegt. Umburðarlyndi eykst og sjóndeildarhringurinn víkkar. Foreldrar kynnst bekkjarsystkinum barna sinna og þekkja þau öll með nafni. Löngu eftir að hópastarfi er hætt halda foreldrar barnanna áfram að fylgjast með bekkjarfélögunum. Við tökum þau tali þegar við hittum þau, spyrjum hvernig gangi. Fyrirhafnarlaust veitum við þeim aðhald og sendum þau skilaboð að okkur er ekki sama.”

Nokkrir punktar frá umræðunni:

Foreldrar eru boðaðir á fund, hugmyndin rædd og útskýrð, nauðsynlegt er að foreldrar samþykki að taka þátt í verkefninu.

Börnunum er ráðað (ekki dregið) í hópa, mikilvægt er að kennarinn taki þátt í því. Æskilegast er að hafa 4 börn í hóp, 2 stelpur og 2 stráka. Hver hópur hittist þrisvar, síðan er skipt og ráðað aftur upp á nýtt o.s.frv. Foreldrarnir ráða hvenær hópurinn hittist, kl. hvað, hvenær (eftir vinnu – eftir skóla - á laugardegi). Forðast skal videogláp og tölvuleiki. Allt innan skynsamlegra marka, kostnaður í lágmarki. Þetta á ekki að vera samkeppni milli foreldra hver er með flottasta heimilið, stórkostlegustu veisluna eða þess háttar. Það er hægt að fara í gönguferðir, hjólaferðir, baka, spila, á skauta, í sleðaferð, í bæinn í strætó, fara í leiki. Hugmyndin er að gefa börnunum færi á að kynnst, vera saman í sínu daglega umhverfi.

Það eru alltaf einhverjir foreldrar sem ekki vilja eða geta tekið þátt í verkefninu. Það er mikilvægt að muna að einmitt börn þessara foreldra þurfa yfirleitt mest á því að halda að vera með. Við látum það ekki stoppa okkur og höldum áfram eins og ekkert hafi í skorist og höfum börnin með.

